4. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, getur synjað beiðni um upplýsingar ef veiting þeirra upplýsinga er andstæð allsherjar-reglu (ordre public).
5. Ekki skal hafna beiðni um upplýsingar af þeirri ástæðu að ágreiningur sé uppi af hálfu skattgreiðanda um skattkröfuna sem er ástæða fyrir beiðninni.
6. Samningsaðili, sem beiðni er beint til, getur synjað beiðni um upplýsingar ef samningsaðili sem leggur fram beiðni biður um þær í því skyni að framkvæma eða framfylgja ákvæði skattalaga samningsaðila, sem leggur fram beiðni, eða hvers konar kröfu þar að lútandi sem mismunar ríkisborgara samningsaðilans, sem beiðni er beint til, samanborið við ríkisborgara samningsaðila, sem leggur fram beiðni, við sömu aðstæður.

8. gr.

Trúnaðarkvaðir.

Allar upplýsingar, sem samningsaðili tekur við samkvæmt samningi þessum, skulu vera trúnaðarmál og einungis afhentar aðilum eða yfirvöldum (þar með taldir dómstólar og stjórnvöld) í lögsögu þess samningsaðila sem sér um álagningu eða innheimtu, fullnustu eða saksókn eða ákvörðun um áfrýjun í tengslum við skatta þá sem samningur þessi tekur til. Þessir aðilar eða yfirvöld skulu einungis nota upplýsingarnar í framangreindum tilgangi. Þeim er heimilt að gera slíkar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum. Ekki má veita neinum öðrum aðila eða einingu eða yfirvaldi upplýsingarnar eða opinbera þær í annarri lögsögu án skýlauss, skriflegs samþykkis bærstjórnvalds samningsaðilans sem beiðni er beint til.

9. gr.

Kostnaður.

Ef bær stjórnvöld samningsaðilanna koma sér ekki saman um annað skal samningsaðili, sem beiðni er beint til, bera venjulegan kostnað sem til fellur við að veita aðstoð og samningsaðili, sem leggur fram beiðni, skal bera sérstakan kostnað sem til fellur við að veita aðstoð (þar með talinn sanngjarnan kostnað við ráðningu utanaðkomandi ráðgjafa í tengslum við málarekstur eða annað). Bær stjórnvöld skulu, samkvæmt beiðni annars hvors samningsaðila, hafa samráð með til-

4. The Requested Party may decline a request for information if the disclosure of the information would be contrary to public policy (ordre public).
5. A request for information shall not be refused on the ground that the tax claim giving rise to the request is disputed by the taxpayer.
6. The Requested Party may decline a request for information if the information is requested by the Applicant Party to administer or enforce a provision of the tax law of the Applicant Party, or any requirement connected therewith, which discriminates against a national of the Requested Party as compared with a national of the Applicant Party in the same circumstances.

Article 8

Confidentiality

Any information received by a Contracting Party under this Agreement shall be treated as confidential and may be disclosed only to persons or authorities (including courts and administrative bodies) in the jurisdiction of the Contracting Party concerned with the assessment or collection of, the enforcement or prosecution in respect of, or the determination of appeals in relation to, the taxes covered by this Agreement. Such persons or authorities shall use such information only for such purposes. They may disclose the information in public court proceedings or in judicial decisions. The information may not be disclosed to any other person or entity or authority or any other jurisdiction without the express written consent of the competent authority of the Requested Party.

Article 9

Costs

Unless the competent authorities of the Contracting Parties otherwise agree, ordinary costs incurred in providing assistance shall be borne by the Requested Party, and extraordinary costs incurred in providing assistance (including reasonable costs of engaging external advisors in connection with litigation or otherwise) shall be borne by the Applicant Party. At the request of either Contracting Party, the competent authorities shall consult as necessary with regard to this Article, and

liti til þessarar greinar og einkum skulu bær stjórnvöld samningsaðila, sem beiðni er beint til, hafa samráð fyrirfram við bær stjórnvöld samningsaðila, sem leggur fram beiðni ef gert er ráð fyrir umtalsverðum kostnaði við að veita upplýsingarnar vegna sérstakrar beiðni.

10. gr.

Framkvæmd lögleiðingar.

Samningsaðilar skulu setja nauðsynlega lög-gjöf í því skyni að efna og framfylgja ákvæðum samnings þessa.

11. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Bær stjórnvöld samningsaðilanna skulu sameiginlega leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi túlkun eða beitingu samnings þessa.
2. Til viðbótar viðleitninni, sem um getur í 1. mgr., geta bær stjórnvöld samningsaðilanna ákvarðað í sameiningu hvaða málsmeðferð skuli beita skv. 5. og 6. gr.
3. Bær stjórnvöld samningsaðilanna geta átt milliliðalaus samskipti sín á milli vegna þessarar greinar.

12. gr.

Gildistaka.

1. Samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar á eftir viðtöku síðari tilkynningarinnar þegar samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum skriflega og eftir diplómátskum leiðum að málsmeðferðinni, sem krafist er samkvæmt lögum þeirra vegna fullgildingar á samningi þessum, sé lokið.
2. Ákvæði samnings þessa skulu, með þeim forsendum sem þar koma fram, einnig gilda um upplýsingar sem til eru komnar áður en samningur þessi kemur til framkvæmda.

13. gr.

Uppsögn.

1. Samningur þessi gildir þar til samningsaðili segir honum upp. Hvor samningsaðili um sig getur sagt samningum upp eftir diplómátskum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok almanaksárs, frá og með

in particular the competent authority of the Requested Party shall consult with the competent authority of the Applicant Party in advance if the costs of providing information with respect to a specific request are expected to be significant.

Article 10

Implementation Legislation

The Contracting Parties shall enact any legislation necessary to comply with, and give effect to, the terms of this Agreement.

Article 11

Mutual Agreement Procedure

1. The competent authorities of the Contracting Parties shall jointly endeavour to resolve any difficulties or doubts arising as to the interpretation or application of this Agreement.
2. In addition to the endeavours referred to in paragraph 1, the competent authorities of the Contracting Parties may mutually determine the procedures to be used under Articles 5 and 6.
3. The competent authorities of the Contracting Parties may communicate with each other directly for the purposes of this Article.

Article 12

Entry into Force

1. This Agreement shall enter into force on the first day of the second month after the later of the dates on which each of the Contracting Parties has notified the other in writing, through diplomatic channels, that the internal procedures required by that Contracting Party for the entry into force of this Agreement have been complied with.
2. The provisions of this Agreement shall also apply in their terms to information predating the coming into force of this Agreement.

Article 13

Termination

1. This Agreement shall remain in force until terminated by a Contracting Party. Either Contracting Party may terminate the Agreement, through diplomatic channels, by giving written notice of termination at least six months before the end of any cal-

Þeim tíma þegar tvö ár eru liðin frá því að hann tók gildi.

2. Í því tilviki fellur samningurinn úr gildi fyrsta dag janúarmánaðar á því almanaksári sem hefst næst á eftir því ári sem tilkynningin er afhent.
3. Þrátt fyrir uppsögn samnings þessa eru samningsaðilarnir, eftir sem áður, bundnir af ákvæðum 8. gr. að því er varðar upplýsingar sem aflað er samkvæmt samningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í París hinn 10. september 2009 á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Íslands
Tómas Ingi Olrich

Fyrir hönd Konungsríkisins Hollands
með tilliti til Hollensku Antilla
Ersilia de Lannooy

endar year beginning on or after the expiration of a period of two years from the date of its entry into force.

2. In such event, the Agreement shall cease to have effect the first day of January in the calendar year next following that in which the notice is given.
3. Notwithstanding any termination of this Agreement the Contracting Parties shall remain bound by the provisions of Article 8 with respect to any information obtained under this Agreement.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, duly authorised thereto by their respective Governments, have signed this Agreement.

DONE at Paris, this 10th day of September 2009, in duplicate in the English language.

For the Government of
Iceland
Tómas Ingi Olrich

For the Kingdom of the Netherlands,
in respect of the Netherlands Antilles
Ersilia de Lannooy

Fylgiskjal 2.

**SAMNINGUR UM AÐ STUDLA AÐ
EFNAHAGSTENGLUM MILLI
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
OG
KONUNGRÍKISINS HOLLANDS MEÐ
TILLITI TIL HOLLENSKU ANTILLA**

Ríkisstjórn Íslands og Konungsríkið Holland, með tilliti til Hollensku Antilla,

hafa, að teknu tilliti til eftirfarandi: ríkisstjórn Íslands og Konungsríkið Holland, með tilliti til Hollensku Antilla, („samningsaðilarnir“) hafa undirritað upplýsingaskiptasamning um skattamál;

bæði ríkisstjórn Íslands og Konungsríkið Holland, með tilliti til Hollensku Antilla, einsetja sér að vinna að uppbyggingu alþjóðlegs fjármálakerfis sem er laust við ágalla vegna skorts á gagnsæi og skilvirkum upplýsingaskiptum um skattamál;

ríkisstjórn Íslands vill aðstoða Konungsríkið Holland, með tilliti til Hollensku Antilla, við að auka fjölbreytni efnahagslífs Hollensku Antilla;

orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.

Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir, nema annað leiði af samhenginu:
 - a) „Ísland“ merkir Ísland og, þegar heitið er notað í landfræðilegum skilningi, yfirráðasvæði Íslands, þar með talin landhelgin og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem Ísland hefur að þjóðarétti lögsögu eða fullveldisréttindi að því er varðar hafsbotninn, botnlög hans og hafið yfir honum og náttúruauðlindir þeirra;
 - b) „Hollensku Antillur“ merkir þann hluta Konungsríkisins Hollands sem er í Karibahafi og samanstendur af eyjunni Bonaire, Curaco, Saba, St. Eustatius og St. Maarten (hollenski hlutinn) þar með talin landhelgin og

**AGREEMENT TO PROMOTE
ECONOMIC RELATIONS BETWEEN
THE GOVERNMENT OF ICELAND
AND
THE KINGDOM OF THE
NETHERLANDS, IN RESPECT OF THE
NETHERLANDS ANTILLES**

The Government of Iceland and the Kingdom of the Netherlands, in respect of the Netherlands Antilles,

WHEREAS the Government of Iceland and the Kingdom of the Netherlands, in respect of the Netherlands Antilles, (“the Parties”) have signed an Agreement for the Exchange of Information with respect to Taxes;

WHEREAS both the Government of Iceland and the Kingdom of the Netherlands, in respect of the Netherlands Antilles, are committed to work towards an international financial system that is free of distortions created through lack of transparency and lack of effective exchange on information in tax matters;

WHEREAS the Government of Iceland wishes to assist the Kingdom of the Netherlands, in respect of the Netherlands Antilles, in diversifying its economy;

NOW, THEREFORE, the Parties have agreed as follows:

Article 1

Definitions

1. For the purposes of this Agreement, unless the context otherwise requires:
 - a) the term “Iceland” means Iceland and, when used in a geographical sense, means the territory of Iceland, including its territorial sea, and any area beyond the territorial sea within which Iceland, in accordance with international law, exercises jurisdiction or sovereign rights with respect to the sea bed, its subsoil and its superjacent waters, and their natural resources;
 - b) the term “the Netherlands Antilles” means that part of the Kingdom of the Netherlands that is situated in the Caribbean Sea and consisting of the Island Territories of Bonaire, Curaçao, Saba, St. Eustatius and St. Maarten

sá hluti hafsbotnsins og botnlög hans undir Karíbahafinu sem eru að þjóðarétti, yfirráðasvæði Konungsríkisins Hollands að undanskildum þeim hluta sem tilheyrir Arúba;

- c) „bært stjórnvald“ merkir:
- i. að því er varðar Ísland, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans;
 - ii. að því er varðar Hollensku Antillur, fjármálaráðherra eða fulltrúa hans;
- d) „félag“ merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra einingu sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar.
2. Við framkvæmd samningsaðila á ákvæðum þessa samnings á hverjum tíma skulu öll hugtök, sem ekki eru skilgreind í samningnum hafa, nema annað leiði af samhenginu, sömu merkingu og þau hafa á þeim tíma samkvæmt lögum viðkomandi samningsaðila. Sú merking, sem hugtakið hefur samkvæmt viðeigandi skattalögum þess samningsaðila, skal ganga framar þeirri merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt öðrum lögum þess samningsaðila.

2. gr.

Heimilisfesti.

1. Í samningi þessum merkja hugtökin „félag með heimilisfesti á Íslandi“ og „félag með heimilisfesti á Hollensku Antillum“ sérhvert það félag sem samkvæmt lögum samningsaðila er skattskyld þar vegna búsetu, heimilisfesti, aðseturs stjórnar eða af öðrum svipuðum ástæðum. Í hugtökunum „félag með heimilisfesti á Íslandi“ og „félag með heimilisfesti á Hollensku Antillum“ felast ekki félög sem eru skattskyld hjá samningsaðila einvörðungu vegna tekna sem eiga uppruna sinn hjá honum.
2. Þegar félag telst heimilisfast hjá báðum samningsaðilum, samkvæmt ákvæðum 1. mgr., skulu bær stjórnvöld samningsaðilanna leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

(Dutch part) including the territorial waters thereof and the part of the seabed and its subsoil under the Caribbean Sea over which the Kingdom of the Netherlands has sovereign rights in accordance with international law but excluding the part thereof relating to Aruba;

- c) the term “competent authority” means:
- (i) in the case of Iceland, the Minister of Finance or his authorised representative;
 - (ii) in the case of the Netherlands Antilles, the Minister of Finance or his authorised representative;
- d) the term “company” means any body corporate or any entity that is treated as a body corporate for tax purposes.

2. As regards the application of this Agreement at any time by a Party, any term not defined therein shall, unless the context otherwise requires, have the meaning that it has at that time under the law of that Party, any meaning under the applicable tax laws of that Party prevailing over a meaning given to the term under other laws of that Party.

Article 2

Residence

1. For the purposes of this Agreement, the terms “company resident in Iceland” and “company resident in the Netherlands Antilles” mean any company which under the laws of a Party, is liable to tax therein by reason of its domicile, residence, place of management or any other criterion of a similar nature. The terms “company resident in Iceland” and “company resident in the Netherlands Antilles” do not include any company which is liable to tax in a Party in respect of only income from sources in that Party.
2. Where by reason of the provisions of paragraph 1 a company is resident of both Parties, the competent authorities of the Parties shall endeavour to settle the question by mutual agreement.

3. gr.

Tekjur frá fastri atvinnustöð.

Hafi félag með heimilisfesti á Íslandi fasta atvinnustöð á Hollensku Antillum skal Ísland undanþiggja frá skattlagningu hagnað, sem rekja má til þeirrar atvinnustöðvar, að því tilskildu að hagnaðurinn stafi frá starfsemi sem er talin upp í 5. gr.

4. gr.

Arður.

Ráði félag sem er heimilisfast á Íslandi, beint yfir hlutum sem jafngilda 100% atkvæðamagns í félagi sem er heimilisfast á Hollensku Antillum, skal Ísland undanþiggja frá skattlagningu arð, sem síðarnefnda félagið greiðir út, að því tilskildu að hagnaður síðarnefnda félagsins stafi frá starfsemi sem er talin upp í 5. gr.

5. gr.

Starfsemi sem samningurinn tekur til.

1. Ákvæði 3. og 4. gr. taka til eftirfarandi starfsemi (að undanskilinni fjármálastarfsemi sem ekki samræmist reglubundinni atvinnustarfsemi) sem fer fram á Hollensku Antillum:
 - a) iðn- og framleiðslustarfsemi;
 - b) ferðaþjónustu (þar með talin veitingahúsa og hótélrekstur);
 - c) framkvæmda á byggingarsvæðum eða á sviði byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar, ásamt framkvæmdum á sviði samsetningar eða uppsetningar;
 - d) landbúnaðar;
 - e) námuvinnslu;
 - f) olíu og gasvinnslu og orkuframleiðslu; og
 - g) uppsetningu, reksturs og viðhalds fastra eða hreyfanlegra fjarskiptakerfa.
2. Réttur félaga með heimilisfesti á Íslandi til að stunda þá starfsemi á Hollensku Antillum sem talin er upp í málsgreininni hér að framan verður áfram bundinn gildandi innlendum rétti á Hollensku Antillum.

6. gr.

Gagnkvæmt samkomulag.

1. Ef félag með heimilisfesti á Íslandi telur að ráðstafanir annars (eða beggja) samningsaðila leiði eða muni leiða til skattlagningar, að því er félagið varðar, sem ekki er í samræmi við ákvæði þessa samnings, getur

Article 3

Permanent Establishment Income

When a company resident in Iceland has a permanent establishment in the Netherlands Antilles, Iceland shall exempt from tax profits, which are attributable to that establishment, provided that the profits are derived from activities listed in Article 5.

Article 4

Dividends

When a company resident in Iceland directly holds shares representing 100 per cent of the voting power in a company resident in the Netherlands Antilles, Iceland shall exempt from tax dividends distributed from the last-mentioned company, provided that the profits of the last mentioned company are derived from activities listed in Article 5.

Article 5

Activities Covered

1. Articles 3 and 4 apply to the following activities (excluding financial activities other than those in line with the ordinary course of business) carried out in the Netherlands Antilles:
 - a) industrial and manufacturing activities;
 - b) tourism (including restaurants and hotels);
 - c) a building site or a construction, assembly or installation project;
 - d) agriculture;
 - e) mining;
 - f) oil and gas activities and energy production; and
 - g) installation, operation or maintenance of fixed or mobile telecommunication systems.
2. The right of any company resident in Iceland to engage in the Netherlands Antilles in the activities listed in the preceding paragraph remains subject to the domestic legislation in force in the Netherlands Antilles.

Article 6

Mutual Agreement Procedure

1. Where a company considers that the actions of one [or both] of the Parties result or will result for it in taxation not in accordance with the provisions of this Agreement, it may, irrespective of the rem-

það, án þess að það raski rétti þess til að færa sér í nyt þau réttarúrræði sem landslög samningsaðilanna kveða á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald þar sem félagið er heimilisfast. Málið skal leggja fyrir innan þriggja ára frá því að fyrsta tilkynningin berst um þá ráðstöfun sem leiðir til skattlagningar sem ekki samræmist ákvæðum þessa samnings.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist, en getur þó ekki sjálf leyst málið á viðunandi hátt, skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald hins samningsaðilans í því skyni komast hjá skattlagningu sem ekki samræmist þessum samningi. Slíkt samkomulag skal koma til framkvæmda óháð öllum tímatakörkunum samkvæmt landslögum samningsaðilanna.
3. Bær stjórnvöld samningsaðilanna skulu leitast við að leysa með gagnkvæmu samkomulagi, sérhvern vanda varðandi túlkun eða beitingu samningsins.
4. Bær stjórnvöld samningsaðilanna geta haft beint samband sín á milli í því skyni að ná samkomulagi í samræmi við undanfarandi málsgrein(ar).

7. gr.
Gildistími.

Samningur þessi gildir í tíu ár frá þeim degi er hann kemur til framkvæmda. Bær stjórnvöld samningsaðilanna geta framlengt þennan gildistíma með gagnkvæmu samkomulagi sín á milli.

8. gr.
Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að hvor samningsaðili um sig hefur tilkynnt hinum skriflega, eftir diplómátskum leiðum, að innri málsmeðferð hans vegna gildistöku samningsins sé lokið. Samningur þessi tekur til tekna sem aflað er á því skattári sem hefst 1. janúar eða síðar á því almanaksári sem fylgir næst á eftir því ári þegar samningur þessi öðlast gildi.

9. gr.
Uppsögn.

1. Samningur þessi skal gilda þar til annar hvor samningsaðilinn segir honum upp.

edies provided by the domestic law of the Party [those Parties], present its case to the competent authority of the Party of which it is a resident. The case must be presented within three years from the first notification of the action resulting in taxation not in accordance with the provisions of the Agreement.

2. The competent authority shall endeavour, if the objection appears to it to be justified and if it is not itself able to arrive at a satisfactory solution, to resolve the case by mutual agreement with the competent authority of the other Party, with a view to the avoidance of taxation which is not in accordance with the Agreement. Any agreement reached shall be implemented notwithstanding any time limits in the domestic law of the Parties.
3. The competent authorities of the Parties shall endeavour to resolve by mutual agreement any difficulties arising as to the interpretation or application of the Agreement.
4. The competent authorities of the Parties may communicate with each other directly for the purpose of reaching an agreement in the sense of the preceding paragraph[s].

Article 7
Duration

This Agreement shall apply for a period of ten years from the date when this Agreement becomes applicable. This period may be extended by mutual agreement between the competent authorities of the Parties.

Article 8
Entry into Force

This Agreement shall enter into force on the first day of the second month after each Party has notified the other in writing, through diplomatic channels, that the internal procedures required by that Party for the entry into force of the Agreement have been complied with. The Agreement shall apply to income earned in any tax year beginning on or after the first day of January of the calendar year next following that in which this Agreement enters into force.

Article 9
Termination

1. This Agreement shall remain in force until terminated by one of the Parties. Either

Hvor samningsaðili sem er getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu um uppsögn eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok almanaksárs. Í slíku tilviki skal samningnum ekki beitt að því er varðar skattár og -tímabil sem fylgja næst á eftir því almanaksári þegar tilkynningin um uppsögn hefur verið afhent.

2. Samningur þessi er viðbót við upplýsingaskiptasamning milli samningsaðilanna um skattamál. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. fellur samningur þessi úr gildi samhliða því að skriflegri tilkynningu, eftir diplómatískum leiðum, um uppsögn upplýsingaskiptasamningsins um skattamál er veitt viðtaka og skal samningnum ekki beitt frá þeim degi þegar upplýsingaskiptasamningnum milli samningsaðilanna um skattamál fellur úr gildi.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í París hinn 10. september 2009 á ensku.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Íslands
Tómas Ingi Olric

Fyrir hönd Konungsríkisins Hollands
með tilliti til Hollensku Antilla
Ersilia de Lannooy

Party may terminate the Agreement by giving notice of termination in writing at least six months before the end of any calendar year. In such event, the Agreement shall cease to have effect for taxable years and periods beginning after the end of the calendar year in which the notice of termination has been given.

2. This Agreement is supplementary to the Agreement for the Exchange of Information with respect to Taxes between the Parties. Notwithstanding the provisions of paragraph 1, this Agreement shall, on receipt through diplomatic channels of written notice of termination of the Agreement for the Exchange of Information with respect to Taxes, terminate and cease to be effective on the day the Agreement for the Exchange of Information with respect to Taxes between the Parties terminates.

In witness whereof the undersigned, duly authorised thereto by their respective governments, have signed this Agreement.

Done at Paris this 10th day of September, 2009, in duplicate in the English language.

For the Government of
Iceland
Tómas Ingi Olrich

For the Kingdom of the Netherlands,
in respect of the Netherlands Antilles
Ersilia de Lannooy